



SAMSKIPTI - 5. bekkur

Markmið:

- Börn geri sér grein fyrir mikilvægi þess að **bera virðingu** fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Börn læri að **virða skoðanir** annarra.
- Börn æfi sig í því að **setja sig í spor** annarra.

Tímaáætlun:

- Um það bil 30-40 mínútur.

Kennslugögn:

- Teningurinn, 6H heilsunnar.
- A3 veggspjaldið „Góð samskipti“.
- A4 „Góð samskipti“ með leiðbeiningum aftan á.
- Myndir 1–6 um samskipti.

Verkefni fyrir börnin:

- Samskiptaæfingar.
- Verkefnablaðið „Samskipti“.



BAKGRUNNUR

Hæfni í samskiptum þróum við með okkur svo lengi sem við lifum. Samskipti eru ekki alltaf auðveld. Það sem við segjum getur misskilist. Á aldrinum 6 til 12 ára tekur skilningur barna á félagslegum samskiptum stakkaskiptum. Börnin verða sjálfstæðari og verja stórum hluta vökutímans í skólanum og með vinum sínum. Aukinn félagsþroski kemur meðal annars fram í hugmyndum þeirra um sig og aðra, sambönd sín og samskipti við samferðamenn. Þær breytingar sem verða á þroska barna og félagslífi á æskuárunum krefjast þess að barnið endurskipuleggi bæði persónulegt og félagslegt öryggiskerfi sitt. Náin tengsl við foreldra og fjölskyldu eru áfram mikilvægar burðarstoðir, en auk þeirra skipa vinir og jafnaldrar stóran sess.

TILLAGA AÐ KENNSLUAÐFERÐ

Kynning á efninu – almenn umræða um samskipti.

Hvað eru góð samskipti „Góð samskipti“ - veggspjaldið.

Æfing

Hér á að æfa muninn á því að veita þeim sem maður talar við athygli eða ekki. Skólahjúkrunarfræðingur (S) og kennari (K) eða annar sjálfboðaliði, bregða á leik fyrir framan börnin: S segir eitthvað jákvætt við K, t.d. „mér finnst þú mjög skemmtilegur“ eða „mér finnst mjög gaman að tala við þig“ og horfir út í loftið á meðan og endurtekur svo setninguna með því að horfa á K. Síðan spyr S K hvort hann hafi fundið mun og biður svo börnin um að endurtaka þetta tvö og tvö.

Verkefnið Samskipti

Börnin fá verkefnablaðið samskipti og mega lita það meðan skólahjúkrunarfræðingur leiðir þau í umræðum um hverja mynd. Á verkefnablaðinu eru myndir af ýmsum aðstæðum. Myndirnar gefa til kynna að fólk sé á þeim sé að upplifa fullt af tilfinningum. Tilgangur verkefnisins er að vekja upp hugmyndir hjá nemendum um að hægt sé að bregðast við líkum aðstæðum á ólíkan hátt (auka þrautseigju). Með því er hægt að benda á jákvæðar og styrkjandi leiðir í stað þess að láta aðstæður hafa neikvæð áhrif á eigin líðan. Með jákvæðum viðbrögðum styrkja börnin sjálfsmynd sína og læra að þau geta tekist á við flóknar aðstæður eða flókin samskipti. Það er einstaklingsbundið hvað nemendur sjá út úr myndunum og mikilvægt að vera vakandi fyrir að ekkert eitt er rétt. Einnig má leyfa börnunum að lita myndirnar. Gott er að hvetja þau til að sýna foreldrum sínum verkefnið þegar heim er komið.